



Fyrirbyggjandi forvarsla safngripa

Viðmið frá Þjóðminjasafni Íslands

Fyrirbyggjandi forvarsla beinir sjónum sínum að safnkostinum sem heild fremur en einstaka gripum. Skýrar verklagsreglur og góð umgengni um safnkost, hvort sem það sé á sýningu eða í geymslu, er góður grunnur allrar fyrirbyggjandi forvörslu. Réttur umbúnaður og gagnsætt skipulag auðveldar aðgengi, takmarkar hnjask og lengir þannig líftíma gripanna.

Ítarlegri upplýsingar og leiðbeiningar eru í [Handbók um varðveislu safnkosts](#) sem má finna á vef safnaráðs, en einnig er hægt að leita til sérfræðinga höfuðsafnanna. Æskilegt er að viðurkennd söfn: ...

- búi til verklagsreglur varðandi aðgengi og umgengni í geymslum.
- meti aðstæður í safngeymslum til samræmis við leiðbeiningar safnaráðs varðandi öryggi gripa, ljósmagn og stöðugleika hita- og rakastigs. Ef aðstæður eru ekki fullnægjandi þarf að gera áætlun um úrbætur.
- gæti þess að gripir standi ekki beint á gólfi, heldur standi á a.m.k. 15 cm háum upphækkunum til að forðast skemmdir á safnkosti við vatnstjón.
- gæti þess að neðstu hillur, skúffur og skápar í safngeymslum séu ekki alveg við gólf.
- skrái ástand gripa við grunnskráningu. Við það skapast betri yfirsýn yfir ástand safnkostsins.
- noti viðurkenndar umbúðir við þökkun gripa til að tryggja örugga varðveislu þeirra. Venjulegur pappi, dagblöð og eldhúspappír t.a.m. geta valdið skemmdum á gripum.
- gæti þess að nota stöðug efni við sýningargerð. Krossviður og MDF gefa t.a.m. frá sér skaðleg gös og loka þarf yfirborði þeirra með lakki eða plastfilmu.
- skrái geymslustað gripa í Sarp eða í annarskonar geymsluskrá.
- útbúi neyðaráætlun um viðbrögð við bruna- og vatnstjóni, sem og náttúruhamförum. Áætlunin skal unnin í samráði við viðbragðsaðila og taka mið af björgun safnkosts eftir að öryggi mannlífa er tryggt. Hún þarf t.a.m. að innihalda tengiliði í forgangsörð, viðbragðsáætlanir fyrir mismunandi stórtjón og forgangslista yfir sérstaklega mikilvæga safngripa. Mikilvægt er að skipuleggja viðbrögð vegna jarðskjálfta og tryggja skal fallvarnir gripa.